

Priðjudaginn 7. mars 1978.

Nr. 45/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Hauki Heiðar.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Birgir Þormar, fulltrúi yfirsakadómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 1. mars 1978, sem barst Hæstarétti 3. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur, en héraðsdómari og rannsóknarlögregla vítt fyrir ranga málsmeðferð og rannsóknaraðferðir.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist aðallega, að gæsluvarðhald varnaraðilja verði framlengt til 22. mars nk., en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Aðalkrafa ríkissaksóknara um lengingu gæsluvarðhalds- tíma kemur ekki til álita samkvæmt 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974, þar sem krafa hans kom eigi fram fyrr en 6. mars, en hann fékk vitneskju um hinn kærða úrskurð 3. mars.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur skjöl, sem eigi lágu fyrir héraðsdómi, m. a. skýrslur frá starfsmanni Landsbanka Íslands og réttargæslumanni varnaraðilja um för þeirra til Sviss, er um getur í hinum kærða úrskurði. Kemur fram í skýrslum þessum, að varnaraðili átti verulega fjármuni geymda í banka í Sviss, og er gerð nánari grein fyrir því í skýrslunum. Þar kemur fram, að fjármunum þessum verður nú eigi ráðstafað nema með samþykki Landsbankans og réttargæslumanns varnaraðilja. Ekki eru fyrir hendi nein- ar upplýsingar um, hvenær eða með hverjum hætti fjármun-

ir þessir hafi verið fluttir til Sviss. Með þessari athugasemd og með vísan til 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Engir þeir annmarkar eru á hinum kærða úrskurði eða málsmeðferð fyrir dómi, að vítum varði, en eigi verður fjallað um kröfu varnaraðilja um vítur að öðru leyti í kærumáli þessu.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. mars 1978.

Ár 1978, miðvikudaginn 1. mars, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Birgi Þormar, kveðinn upp úrskurður þessi:

Hinn 22. desember sl. sneri stjórn Landsbanka Íslands sér til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins með beiðni um, að hafin yrði rannsókn á fjármálamisferli, sem komið hefði fram, að Haukur Heiðar, deildarstjóri ábyrgðardeildar Landsbanka Íslands, hefði gerst sekur um. Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, dags. 23. desember 1977, var kærða, Hauki Heiðar, gert að sæta gæsluvarðhaldi allt fram að 1. febrúar 1978. Með úrskurði sama dóms, dags. 31. janúar 1978, var gæsluvarðhaldsvist kærða framlengd allt fram til kl. 1600 í dag. 27. febrúar sl. gerði rannsóknarlög- reglustjóri ríkisins þá kröfu, að gæsluvarðhaldsvist kærða yrði framlengd til miðvikudagsins 22. mars 1978.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði viðurkennt að hafa frá því í nóvember 1970 til ágúst 1977 dregið sér kr. 51.808.466.10. Fjárdráttinn framkvæmdi hann í starfi sínu hjá Landsbanka Íslands með því að breyta skjölum, búa til ný skjöl eða skjóta undan skjölum. Ýmist hefur hann notað eina af þessum aðferðum eða fleiri. Ólafur Nilsson, löggiltur endurskoðandi, framkvæmir nú dreifikönnun á ábyrgðaskjölum Landsbanka Íslands til að kanna, hvort um frekari fjárdrátt geti verið að ræða af hálfu kærða.

Sveinn Snorrason, réttargæslumaður kærða, og starfsmaður Landsbanka Íslands fóru sl. sunnudag til Sviss og ráðstöfuðu fjármunum, sem kærði átti þar í bankastofnun, á þann hátt, að þeir geti gengið til Landsbanka Íslands. Kærði hefur hvorki hjá

rannsóknarlögreglu ríkisins né fyrir dómi viljað gefa tæmandi skýringu á því, hvernig hann kom verðmætunum til Sviss. Þeir Sveinn Snorrason og fulltrúi Landsbanka Íslands komu til Keflavíkurflugvallar kl. 1300 í dag. Ekki hefur borist skýrsla frá starfsmanni bankans, og er því enn ekki ljóst, hvort ný viðhorf hafa skapast í málum kærða við utanlandsför þeirra tvímenninga.

Á dómþingi í dag var kærði spurður, hvort hann væri reiðubúinn til að gefa rannsóknarlögreglu ríkisins umboð til að fá yfirlit frá American Express Company í Englandi um viðskipti sín við það fyrirtæki. Svar kærða við spurningunni var neikvætt.

Mál þetta hefur reynst mjög viðamikið í rannsókn. Enn hafa ekki verið teknar fullnaðarskýrslur af öllum þeim aðiljum, sem kærði hafði viðskipti við í sambandi við brotastarfsemi sína. Þá hefur samprófun vitna enn ekki farið fram.

Með hliðsjón af ofangreindu og með tilvísun til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir nauðsynlegt að framlengja gæsluvarðhaldsvist kærða, Hauks Heiðars, til að koma í veg fyrir, að hann geti spillt sakargögnum og haft áhrif á vitni og/eða hugsanlega samseka eða náí að skjóta undan fjármunum, sem aflað hefur verið með brotum hans, enda eru ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar því ekki til fyrirstöðu.

Ákveðst tíminn allt fram til kl. 1600 miðvikudaginn 15. mars 1978.

Úrskurðarorð:

Gæsluvarðhaldsvist kærða, Hauks Heiðars, framlengist allt fram til kl. 1600 miðvikudaginn 15. mars 1978.